

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 227 9. ágúst 1968, um slátrun,
mat og meðferð sláturafurða.

1. gr.

Töluliður 2 í 20. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

2. Alikálfakjöt.

Skrokka af kálfum á aldrinum frá 3 til 12 mánaða aldurs skal meta og merkja, sem hér segir:

a. AK I. séu skrokkarnir vel holdfylltir, einkum í lærum og hrygg, nægilega feitir og vel útlitandi.

Sé um að ræða vel alda kálfa á aldrinum 3 til 4 mán., sem einungis hafa verið fóðraðir á mjólk og kjarnfóðri, skal merkja skrokkana — AK I Úrval — enda séu þeir vel holdfylltir, einkum á lærum og hrygg, kjötið ljóst og mjög falllegt í útliti.

b. AK II. séu skrokkarnir allvel holdfylltir og ógallaðir í útliti.

c. AK III. holdlitla skrokka og lakari að útliti.

2. gr.

Töluliður 3 í 20. gr. orðist svo:

3. Ungneytakjöt.

Skrokka af ungneytum — nautum, uxum og geldum kvígum, frá 1 til 2½ árs skal meta og merkja, sem hér segir:

a. UN I. séu skrokkarnir vel holdfylltir einkum í lærum og hrygg, hæfilega feitir og gallalausir að útliti.

Áberandi vel holdfyllta skrokka, einkum á ganglimum og hrygg, aðeins af holdanautablendingum, hæfilega feita og fallega í útliti, skal merkja UN I H. Þó skal merkja skrokka af holdanautablendingum, á aldrinum 16 til 24 mán., er vega minnst 150 kg. mjög vel vöðvafyllta, hæfilega feita og fallega í útliti UN I H Úrval, enda hafi viðkomandi gripir verið fóðraðir á góðu gras- og heyfóðri ásamt kjarnfóðri að minnsta kosti 90 daga fyrir slátrun og hafðir við hús þann tíma allan.

b. UN II. af holdþynnri gripum en krafizt er í a. lið og einnig mjög feita skrokka, en þó vel útlitandi.

Skrokka af kvígum allt að 2½ árs, sem borið hafa einum kálfi og lítið eða ekkert hafa mjólkað má merkja UN II. séu skrokkarnir vel holdfylltir og falllegir í útliti.

c. UN III. holdlitla skrokka og lakari að útliti.

Reglugerðarbreyting þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 30 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, og öðlast gildi þegar í stað.

Landbúnaðarráðuneytið, 12. júní 1970.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.